

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingarmála í Fjarðabyggð.

1. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

- 1.1 *Byggingarleyfi og gjald vegna tilkynningarskyldra bygginga.*
Byggingarleyfisgjaldi vegna nýbyggingar stærri en 15 m² er skipt í fast gjald og gjald fyrir hvern rúmmetra byggingar.
Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblað, yfirferð teikninga, útsetning lóðar og byggingarreits húss, öryggis- og lokaúttekt (eitt skipti á hvora) og eftirlit byggingarfulltrúa skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- | | |
|--|------------------------|
| Rúmmetragjald fyrir byggingar stærri en 15 m ² | 227 kr./m ³ |
| Byggingar 15-60 m ² | 116.787 kr. |
| Byggingar stærri en 60 m ² | 204.374 kr. |
| Yfirferð teikninga og umsýsla (undanþegin leyfisgjaldi í lið 1.1) | 14.600 kr./klst. |
| Vinna byggingarfulltrúa (t.d. ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgjaldi) | 20.948 kr./klst. |
| Gjöld vegna aðkeyptar yfirferðar séruppráttu | samkvæmt reikningi |
| Meiri háttar framkvæmdir undanþegnar hefðbundinni gjaldtöku | 61.100 kr. |
| Niðurrif mannvirkja | 29.196 kr. |
| Breyting á skráningu byggingar | 29.196 kr. |
| Lágmarksgjald vegna móttöku byggingarleyfisumsóknar | 14.599 kr. |
- Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja byggingarleyfisumsókn sem tekin er til umfjöllunar í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd.
Gjöld skv. 1. gr. eru óendurkræf þótt lóðarúthlutun og byggingarleyfi falli úr gildi.
- 1.2 *Gjöld vegna stöðuleyfa.*
Stöðuleyfisgjöld eru miðuð við hvern fermetra lausafjármunar. Lágmarksviðmunarstærð stöðuleyfisgjalda er miðuð við 15 m². Gjald miðar við útgáfu stöðuleyfis. Stöðuleyfi eru að hámarki veitt til 12 mánaða í senn.
Stöðuleyfisgjald lausafjármuna
 2.132 kr./m² |

- 1.3 *Leigugjöld á skipulögðum gámasvæðum, iðnaðarlóðum og dreifbýli.*
Leigugjald
 1.069 kr./m² |

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

- 2.1 *Leyfisveitingar og úttektir.*
- | | |
|--|------------|
| Aðrar leyfisveitingar, úttektir og vottorð (vínveitingaleyfi, húsaleiguúttektir, umsagnir vegna rekstrarleyfa o.fl.) | 29.196 kr. |
| Úttektir vegna byggingarstjóraskipta | 29.196 kr. |
| Úttektir vegna meistaraskipta | 29.196 kr. |
| Stöðuúttektir (undanþegnar leyfisgjaldi í lið 1.1) | 29.196 kr. |
| Lágmarksgjald vegna annarra leyfisveitinga | 14.599 kr. |
- 2.2 *Afgreiðslur.*
- | | |
|--|--------------------------|
| Afgreiðslur eignaskiptayfirlýsinga | 58.394 kr. |
| Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga | skv. reikningi Þjóðskrár |
| Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðarhafa | 58.394 kr. |
| Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar | 53.428 kr. |
| Umsýslugjald vegna stofnunar lóða | 29.196 kr. |
| Gjald vegna kostnaðar Þjóðskrár vegna stofnunar lóðar | samkvæmt reikningi |
| Umsýslugjald vegna útsetningar lóðarmarkna að beiðni lóðarhafa | 14.599 kr. |

Gjald vegna kostnaðar við lóðarútsetningu	samkvæmt reikningi
Efnistökukeyfi	37.998 kr.
Lágmarksgjald vegna annarra afgreiðslna	14.599 kr.

3. gr.

Meginreglur vegna breytinga á aðal- og/eða deiliskipulagi.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulags- og byggingarfulltrúa eða aðkeyprtar vinnu er, vegna umfangs, verulega umfram viðmiðunargjald verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 14.599 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Skilgreiningar:

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdrætti.

3.1 *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.*

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	78.105 kr.

3.2 *Kostnaður vegna deiliskipulags.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Veruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Óveruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. og 2. mgr. 43. gr.	78.105 kr.

3.3 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðmiðunargjald	168.710 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir	70.283 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar minni framkvæmdir	29.197 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	14.599 kr.
Lágmarksgjald vegna annars kostnaðar við leyfisveitingar	14.599 kr.

4. gr.

Einingarverð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi 1. janúar 2024.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1475/2022.

Fjarðabyggð, 6. desember 2023.

Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri.